

***Umhverfis-, orku og  
loftslagsráðuneytið***

---

***M i n n i s b l a ð***

Viðtakandi: **Umhverfis- og samgöngunefnd**  
Sendandi: **Skrifstofa umhverfis og skipulags**  
Dagsetning: **23.05.2022**  
Málsnúmer: **UMH21100041**  
Bréfalykill: **3.1**

Efni: Staða máls ACCC/C/2019/168 hjá eftirlitsnefnd Árórsarsamningsins

Vísað er til 457. máls – hollustuhættir og mengunarvarnir o.fl. (heimildir til bráðabirgðaráðstafana o.fl.). Umhverfis- og samgöngunefnd hefur óskað eftir upplýsingum um stöðu máls sem tengist frumvarpinu og snýr að kvörtun til eftirlitsnefndar Árórsarsamningsins í tengslum við leyfisveitingar í fiskeldi.

Með bréfi dags. 15. nóvember 2019 óskaði eftirlitsnefnd Árórsarsamningsins eftir skriflegri umsögn íslenskra stjórnvalda vegna kvörtunar dags. 26. júní 2020 í tengslum við starfs- og rekstrarleyfi fiskeldis. Málsnúmer málsins hjá eftirlitsnefndinni er ACCC/C/2019/168. Svör íslenskra stjórnvalda í málinu liggja fyrir og eru að finna á vef nefndarinnar ásamt öðrum skriflegum samskiptum vegna málsins, [https://unece.org/env/pp/cc/accc.c.2019.168\\_ice](https://unece.org/env/pp/cc/accc.c.2019.168_ice).

Málið er í vinnslu hjá eftirlitsnefnd Árórsarsamningsins. Verði frumvarp um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um fiskeldi og lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. 457. mál að lögum verður eftirlitsnefndin upplýst um það.